

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

| | |
|---------------------------|--|
| Dagsetning: | 28.10.2024 |
| Svið: | Velferðarsvið |
| Unnið af: | Kristín Pétursdóttir |
| Verkefni/tillaga: | Háteigsvegur íbúðarkjarni fyrir fatlað fólk |
| Þjónustubáttur: | Þjónusta við fatlað fólk |
| Stofnun/kostn.st.: | F4352 |
| Fjárhæð: | 22 m.kr. á árinu 2024 200 m.kr. á ári frá og með 2025 |
| Annað: | |

Jafnréttisskímun:

| |
|---|
| Hver er tillagan og hvert er markmið hennar? |
| Íbúðakjarninn að Háteigsvegi er hluti af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var árið 2017 í velferðarráði og borgarráði. Um er að ræða íbúðarkjarna með 7 íbúðum í þjónustuflokki þroski II. Samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að tryggja framboð af viðeigandi húsnæði til fatlaðs fólks. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar er um að ræða íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. |
| Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið. |
| Samþykkt tillögunnar sem slíkrar stuðlar að jöfnum rétti fatlaðs fólks til samræmis við ófatlað fólk. Auk þess jafnrétti meðal fatlaðs fólks um húsnæði, þjónustu og stuðning sem veittur er samkvæmt lögum. |
| Hvaða hópa snertir tillagan? |
| Tillagan snertir einstaklinga sem þurfa stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, stuðning við flestar athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins. |
| Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið. |
| Fatlað fólk fær sömu tækifæri og annað fullorðið fólk til að lifa sjálfstæðu lífi með viðeigandi stuðning. Í september 2024 voru 72,4% umsækjenda karlar á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í þjónustuflokki þroski II og 27,6% konur. |
| Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹ |
| Nei |

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.